

*Þessar leiðbeiningar gilda um búrfugla sem haldnir eru sem gæludýr

Innflutningsleyfi – eftirlit vegna innflutnings - kostnaður

Sækja þarf um innflutningsleyfi til Matvælastofnunar (Mast) tímanlega fyrir innflutning. Sótt er um í gegnum þjónustugátt Mast (sjá www.mast.is). Þegar umsókn hefur borist er haft samband við umsækjanda til þess að gera ráðstafanir vegna úttektar á heimasóttkví. Að lokinni úttekt skal greiða eftirlitsgjald (greiðsluupplýsingar eru sendar umsækjanda) og þegar Mast hefur borist staðfesting á greiðslu, verður innflutningsleyfi gefið út. Innfluttur fugl er svo skoðaður a.m.k. tvisvar af dýralækni á vegum Mast á meðan heimaeinangrun stendur; að jafnaði fyrsta virka dag eftir innflutning og aftur að lokinni fjögurra vikna einangrun og oftast ef þörf krefur t.d. vegna veikinda eða slysa.

Kostnaður við innflutning

Innflytjandi ber allan kostnað af öflun vottorða, sóttvarnarráðstöfunum og eftirliti þ.m.t. sýnatökum og rannsóknum sem Matvælastofnun telur nauðsynlegar.

- 1) Eftirlitsgjald kr. 9.818.
- 2) Kostnaður vegna úttektar á sóttkví og skoðunar á fugli í sóttkví (tíma- og akstursgjald skv. gjaldskrá MAST).
- 3) Dýralækniskostnaður vegna undirbúnings fyrir innflutning í útflutningslandi.

Heilbrigðiskröfur

Uppfylla skal allar heilbrigðiskröfur vegna innflutnings og halda tímamörk vegna sýnataka o.fl. Dýralæknir í útflutningslandinu skal taka sýni og gefa út heilbrigðisvottorð. Sjá nánar á næstu síðu.

Heimasóttkví í 4 vikur

Búrfuglum sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal haldið í einangrun fyrstu fjórar vikurnar eftir innflutning í svokallaðri heimasóttkví.

- Einn fjölskyldumeðlimur skal sjá um fuglinn sem haldið er í sóttkví.
- Fugli í heimasóttkví skal haldið í afmörkuðu rými þar sem ekki er mikill umgangur.
- Ekki mega vera önnur dýr á heimilinu meðan á heimasóttkví stendur.
- Ekki má vera samgangur milli fugla í sóttkví og annarra fugla eða dýra.
- Þeir sem sinna fuglum í heimasóttkví skulu gæta fyllsta hreinlætis við umönnun fuglanna og skulu m.a. þvo og sóthreinsa hendur eftir alla meðhöndlun fuglanna og úrgangs þeirra.
- Allan úrgang skal setja í tvöfalda plastpoka og farga með sorpi.
- Komi upp veikindi eða slys hjá fugli í heimasóttkví skal tilkynna það til Mast svo fljótt sem auðið er. Í slíkum tilfellum gæti þurft að framlengja einangrun og/eða taka sýni til rannsóknar. Ekki skal fara með fuglinn á dýralæknastofu án samráðs við Mast. Drepið fugl í heimasóttkví skal hann krufinn.

Sóttkví hjá verslunaraðilum

Þegar um er að ræða innflutning búrfugla á vegum verslunar gilda eftirfarandi kröfur um sóttkví:

- Sóttkví skal vera lokað rými þar sem tiltekinn starfsmaður ber ábyrgð á allri umönnun fugla og skal hann einn hafa aðgang að sóttkvínni.
- Ekki má vera samgangur milli fugla í sóttkví og annarra fugla eða dýra.
- Starfsmaður skal nota sérstakan hlífðarfatnað við störf sín í sóttkvínni sem ekki er notaður utan hennar og skal gæta fyllsta hreinlætis, m.a. skal hann ætíð þvo og sóthreinsa hendur sínar bæði fyrir og að loknum störfum sínum í sóttkvínni.

- Allan úrgang skal setja í tvöfalda plastpoka og farga með sorpi.
- Komi upp veikindi eða slys hjá fugli í sóttkví skal tilkynna það til Mast svo fljótt sem auðið er. Í slíkum tilfellum gæti þurft að framlengja einangrun og/eða taka sýni til rannsóknar. Ekki skal fara með fuglinn á dýralæknastofu án samráðs við Mast. Drepist fugl í sóttkví skal hann krufinn.

Innflutningsstaður og flutningsbúr

Keflavíkurlflugvöllur er eini samþykkti innflutningsstaðurinn fyrir gæludýr. Framvísa skal innflutningsleyfi og heilbrigðisvottorði við tollvörð við komuna til landsins (í rauða hliðinu). Flutningsbúr skal vera sterkbyggt og úr efni sem er auðvelt að þrifa og sótthreinsa. Búrið skal vera hæfilega stórt og á því skulu vera op til að tryggja góð loftskipti og að fuglinn sjái út.

Dýralæknir Mast skoðar fuglinn við komu vil landsins á innflutningsstað. Leyfilegur komutími dýra er á milli kl. 06:00 og 17:00 á fyrirfram ákveðnum komudögum. Ef koma utan þess tíma er nauðsynleg þarf að sækja um leyfi með því að senda fyrirspurn í tölvupósti til petimport@mast.is, en slíkt leyfi er ekki alltaf veitt. Mast getur veitt leyfi fyrir komu á milli kl. 17:00 og 21:00 ef starfsfólk er tiltækt, en komur eftir þann tíma verða ekki samþykktar. Þetta felur í sér talsverðan aukakostnað fyrir innflytjanda þar sem innflutningseftirlit verður þá framkvæmt utan venjulegs vinnutíma. Gæludýrum er ekki leyft að dvelja á flugvellingum yfir nótt.

Ólöglegur innflutningur

Búrfuglar sem ekki uppfylla skilyrði vegna innflutnings verða sendir úr landi eða aflífaðir bótalaust og á kostnað innflytjanda.

Lög og reglur

Lög nr. 54/1990 um innflutning dýra, reglugerð 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis og reglugerð 432/2003 um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr kveða á um skilyrði vegna innflutnings og einangrunar gæludýra.

HEILBRIGÐISKRÖFUR

Heilbrigðis- og upprunavottorð vegna innflutnings á búrfugli

Með heilbrigðis- og upprunavottorði (ath! aðeins eyðublað sem gefið er út af Mast í þessum tilgangi er tekið gilt) skal eftirfarandi staðfest af dýralækni:

- Upplýsingar um innflytjanda (ath sá sami og hefur leyfi til innflutnings).
- Upplýsingar um fuglinn; tegund og auðkenni þegar við á.
- Fuglinn skal ekki hafa nein einkenni smitsjúkdóms.
- Saursýni úr fuglinum sem tekið er í mesta lagi 3 vikum fyrir innflutning og rannsakað m.t.t. salmonellu greinist neikvætt (skal rannsakað á viðurkenndri rannsóknarstofu).
- Blóðsýni eða saursýni úr fuglinum sem tekið er í mesta lagi 3 vikum fyrir innflutning og rannsakað m.t.t. Newcastle disease greinist neikvætt.
- Blóðsýni eða saursýni úr fuglinum sem tekið er í mesta lagi 3 vikum fyrir innflutning og rannsakað m.t.t. fuglaflensu greinist neikvætt.

Senda skal vottorðið ásamt fylgiskjöllum til Mast með tölvupósti (petimport@mast.is) a.m.k. 5 dögum fyrir innflutning til skoðunar og samþykktar. Frumrit vottorðs og niðurstöður sýna ásamt innflutningsleyfi skal fylgja dýrinu við innflutning.

